

Reglur Snæfellsbæjar varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Snæfellsbæjar geta framhaldsskólanemendur sem stunda nám utan sveitarfélags sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms.

Snæfellsbæ ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Framhaldsskólanemendur með lögheimili í Snæfellsbæ sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar. Skilyrði er að viðkomandi sé í að minnsta kosti hálfu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir, hafi áður stundað nám við Tónlistarskóla Snæfellsbæjar og að viðkomandi standi ekki til boða lengur nám við hæfi í heimabyggð.
2. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til bæjarritara Snæfellsbæjar fyrir 1. ágúst ár hvert vegna náms á haustönn og 1. desember fyrir nám á vorönn.
3. Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði annarinnar frá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar, þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.
4. Bæjarstjórn tekur ákvörðun um heildarupphæð niðurgreiðslna við gerð fjárhagsáætlunar. Hámarks niðurgreiðsla fyrir hvern nemanda skal ákvarðast í bæjarstjórn fyrir hvert skólaár. Snæfellsbær áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort að sambærilegt nám er í boði í Snæfellsbæ.
5. Ef að bæjarstjórn samþykkir niðurgreiðslu til tónlistarnáms í öðrum sveitafélögum, þá óskar bæjarstjórn eftir upplýsingu um ástundun og námsárangur frá viðkomandi tónlistarskóla við lok hverjar annar og áskilur sér rétt til að rifta gerðum samningum.
6. Snæfellsbær niðurgreiðir ekki tónlistarnám á háskólastigi.

**Samþykkt í bæjarstjórn
6. september 2018**

Samþykkt í fræðslunefnd Snæfellsbæjar